



Morgunblaðið/Eggert

Hjartalækni Dr. Pedro Brugada hefur mikinn áhuga á starfsemi á Íslandi.

Áhugi á einkaspítala og hóteli



Samþykkt að hefja viðræður

● Erlendir aðilar sýna áhuga á lóðum í Gardabæ og Kópavogi undir einkaspítala og fimm stjörnu hóteli ● Minnihlutinn í Kópavogi leggst gegn aðild bæjarfélagsins

BAKSVIÐ

Björn Jóhann Björnsson
bjb@mbl.is

Félagið MCPB ehf. hefur sent erindi til bæjaryfirvalda í bæði Gardabæ og Kópavogi um samstarf við uppbyggingu einkaspítala og fimm stjörnu hótels, annars vegar á Gladhéimasvæðinu í Kópavogi og hins vegar á Vetrarmýrarlóðinni í Gardabæ, milli Reykjanesbrautar og golfvalla GKG. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvor staðurinn verður fyrir valinu en viðræður eru fram undan við sveitarfélögin.

Í bæjarráði Gardabæjar var samþykkt nýverið að fela bæjarstjóra að ræða við umrætt félag, sem og að láta gera verðmat á Vetrarmýrarlóðinni. Beiðni MSCP til Kópavogs var tekin þar fyrir í bæjarráði í gær. Meirihluti ráðsins samþykkti að fela bæjarstjóra að hefja viðræður og upplýsingaöflun en minnihlutinn lagðist gegn því, taldi það ekki í verkahring sveitarfélaga að koma að uppbyggingu einkaspítala.

Í samstarfi við dr. Brugada

Félagið MCPB er að mestu í eigu Burbanks Capital BV í Hollandi en það vinnur að þessu í samstarfi við spænska hjartalækinn dr. Pedro Brugada. Hyggst Brugada hefja starfsemi hér á landi í haust með opnun skurðstofu í samstarfi við Klíníkina Ármúla. Þau áform eru óbreytt og stefnt að opnun skurðstofunnar 1. október nk., en Brugada hefur jafnframt í hyggju að þróa starfsemi áfram með byggingu spítala og hótels við hliðina.

FRAMKVÆMDASTJÓRI HOLLENSKA FÉLAGSINS BURBANKS

Spítali og hóteli eiga vel saman

„Við höfum verið að kanna stöðuna á Íslandi á síðustu mánuðum, í samstarfi við Pedro Progada. Við munum síðan eiga viðræður við bæjaryfirvöld í Gardabæ og Kópavogi og í kjölfarið verða teknar ákvarðanir um framhaldið. Við höfum á þessu stigi ekkert ákveðið í þeim efnum,“ segir Henri Middeldorp, framkvæmdastjóri hollenska fasteignaprúnarfélagsins Burbanks Capital, um áformin hér á landi með einkaspítala og hóteli.

Middeldorp segir fjármögnun verkefnisins liggja fyrir. Það geti síðan tekið 2-3 ár að reisa mannverkin. Fyrst þurfi að finna hennar staðsetningu og vonandi ljúki þeim viðræðum á næstu mán-

udum. Hann segir starfsemi einkaspítala og hótels hlið við hlið eiga vel saman. Sjúklingar sem hingað komi til meðhöndlunar geti dvalið á hótelinu að lokinni aðgerð, sem og fjölskyldur þeirra og aðstandendur. Einnig geti aðrir ferðamenn dvalið þar.

Burbanks Capital hefur um nokkurt skeið sýnt fjárfestingu á Íslandi áhuga, m.a. heilsulind í Hveradölum, en aðrir aðilar hafa tekið við því verkefni.



Henri Middeldorp

Áhersla er lögð á meðhöndlun á erlendum sjúklingum, austan hafs og vestan, með samstarfi við bæði erlenda og íslenska lækna og annað heilbrigðisstarfsfólk. Sér Brugada fyrir sér á næstu árum að byggja yfir þessa starfsemi og reka hóteli við spítalann. Við uppbyggingu á þeirri framkvæmd er hann í samstarfi við Burbanks og fleiri aðila, m.a. íslenska verktakafyrirtækið VHE.

„Ég hafði hitt þessa aðila á óformlegum fundi og hvatti þá til að senda inn formligt erindi, til að hafa þetta opið ferli og gegnsætt. Það hafa margir komið að máli við

okkur um að reisa þarna heilsutengda starfsemi. Við höfum veitt þær upplýsingar og átt samtöl,“ segir Gunnar Einarsson, bæjarstjóri í Gardabæ, um áhuga félagsins MCPB. Um er að ræða sama svæði og Gardabær benti á undir nýjan Landspítala.

Vetrarmýrarlóðin er sjö hektarar að flatarmáli og segir Gunnar marga hafa hrifist af nálægðinni við náttúruna, golfvöllina og Vífilsstaðspítala.

„Við höfum ekkert farið leynt með þá skoðun okkar að þetta sé besta staðsetningin fyrir Landspít-

alann. Nú fara viðræður af stað við nýja áhugasama aðila og við þurfum líka að láta meta þetta land betur, þarna eru verðmæti sem fara þarf varlega í að afhenda nema fyrir rétt verð. Við munum upplýsa bæjarráð um þessar viðræður og sjáum síðan hvað setur,“ segir Gunnar.

Fyrst og fremst skipulagsmál

Árman Kr. Ólafsson, bæjarstjóri Kópavogs, segir Gladhéimasvæðið vera miðsvæðið á höfuðborgarsvæðinu með góðar tengingar og geta hentað vel fyrir svona starfsemi. „Við munum fara yfir þetta mál, hvernig landið hentar og hve mikið pláss þarf. Við eigum nægt land undir þetta. Hér er fyrst og fremst um skipulagsmál að ræða,“ segir Árman.

Sem fyrr segir samþykkt meirihluti bæjarráðs Kópavogs að fara í viðræðurnar. Minnihlutinn lagðist gegn því en í bókun Ólafs Þórs Gunnarssonar, bæjarfulltrúa VG og lækni, og Péturs Hrafnis Sigurðssonar, bæjarfulltrúa Samfylkingar, segir: „Einkavæðing í heilbrigðiskerfinu er nú þegar gengin of langt með tilheyrandi kostnaðaraukningu fyrir sjúklinga. Undirritaðir telja stofnun einkaspítala ekki muni leiða til góðs í þjónustu fyrir sjúklinga hér á landi og leggja gegn heimild til bæjarstjóra til að ræða mögulegt samstarf um uppbyggingu einkaspítala og hótels í Kópavogi.“

Meirihlutinn lét bóka að Kópavogsbær væri almennt séð tilbúinn til viðræðna um áhugaverð uppbyggingarverkefni í bænum en leikreglur í heilbrigðiskerfinu væru á hendi ríkisins en ekki sveitarfélaga.

Gardabær vill ræða við ríkið

● Áhugi á meira landi við Vífilsstaði

Gardabær hefur óskað eftir áframhaldandi viðræðum við fjármálaráðuneytið um kaup á landi við Vífilsstaðspítala. Að sögn Gunnars Einarssonar bæjarstjóra hafa viðræður ekki hafist en hann býst við að það gerist innan skamms.



Gunnar Einarsson

Gardabær keypti þarna landskika af ríkinu fyrir um 20 árum en Gunnar segir bæjarfélagið hafa lýst áhuga á frekari kaupum. Vinnu við nýtt aðalskipulag lýkur í lok þessa árs og vonast Gunnar til að þá sjáist betur hvernig þetta svæði geti þróast. Auk Vífilsstaðalandsins og Vetrarmýrarlóðarinnar nefnir Gunnar einnig Hnoðraholt, ofan golfvallanna. Þar séu m.a. hugmyndir um íbúðarbyggð og stórt fjölmota íþróttahús. Við gerð nýs aðalskipulags kæmi jafnframt til greina að færa til golfbrautir og þá nær Vífilsstaðavatni. „En allt eru þetta framtíðarhugmyndir sem ekki eru að verða að veruleika á morgun,“ segir Gunnar. bjb@mbl.is

Smári vill vera í 1. sæti

Smári McCarthy, stærðfræðingur og vefhönnuður, býður sig fram í fyrsta sæti á lista Pírata í Suðurlandskjördæmi í þingkosningum í haust. Hann upplýsti þetta í grein á vefspjalli pírataflokksins í gær og segist fara fram í Suðurlandskjördæmi þar sem rætur hans liggja í Vestmannaeyjum.



Smári McCarthy

„Ég fer í það sæti sem sunnlenskir Píratar setja mig, en mig langar til að taka fyrsta sætið,“ segir Smári í pistli sínum. Hann er um þessar mundir starfandi í Bosnía-Herzegovínu. Þaðan snýr hann síðla sumars og ætlar þá í þar áttu fyrir kosningarnar sem væntanlega verða í október. sbs@mbl.is

Leigjendur í samkeppni við ferðamenn

● Leigumiðlari segir húsaleigu í miðborg Reykjavíkur komna í um 4.000 krónur á fermetra

Laufey Rún Ketilsdóttir
laufey@mbl.is

„Hinn almenni leigjandi á ekki möguleika á því að keppa við túristann,“ segir Svanur Guðmundsson, formaður löggiltra leigumiðlara, um stöðuna á almennum leigumarkaði um þessar mundir.

Peir leigjendur sem leiti eftir langtímaleigu á höfuðborgarsvæðinu lenti í erfiðri stöðu þar sem leiguverð sé afar hátt vegna aukinnar eftirspurnar sem skýrist af auknum fjölda ferðamanna á svæðinu.

„Við erum með 1,5 milljónir ferðamanna á landinu og ef þú deilir því jafnt á 365 daga ársins, ef hver ferðamaður er 6-8 daga í landinu, þá jafngildir þetta því að þjóðinni hafi fjölgad um rúmlega 30.000 manni,“ segir hann. Ferðamennirnir þurfi einhvers staðar að sofa á meðan á dvölinni standi en uppbygging hótela á svæðinu sé ekki að anna þeirri eftirspurn.



Morgunblaðið/Ómar

Há leiga Almennur leigjandi getur ekki keppt við ferðamenn um húsnæði.

Sprengdu upp verðið

„Eftir hrúnið tvöfaldaðist fjöldi íbúða á leigumarkaði og leiguverð hækkaði stöðugt fram til ársins 2011 – svo komu ferðamennirnir inn á

markaðinn og sprengdu upp verðið,“ segir Svanur. Bregðast þurfi við stöðunni með því að fjölga íbúðum og gistinguum.

Meðalleiga á stúdíóíbúð í Reykjavík, vestan Kringlumýrarbrautar og

Seltjarnarness, var 3.112 krónur fermetrin árið 2015. Þá var hægt að leigja þriggja herbergja íbúð á sama svæði á 2.172 krónur fermetranum að meðaltali á sama tíma en sambærileg íbúð á milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar var að jafnaði leigð fyrir 1.914 krónur á fermetranum. Þetta kemur fram í upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um leiguverð fasteigna í gegnum árin.

Til samanburðar var meðalfermetravæðing stúdíóíbúðar vestan Kringlumýrarbrautar og Seltjarnarness 1.983 kr. árið 2011 en leiga á þriggja herbergja íbúð á sama svæði var að meðaltali 1.560 krónur á fermetra.

„Á höfuðborgarsvæðinu, þar sem er verulegur vandi, er einnig þessi stefna borgarinnar um þéttingu byggðar sem leiðir til þess að uppbyggingin verður í miðbænum sem er dýrasta svæðið – hinn almenni

launþegi á þar enga möguleika,“ segir Svanur; fermetravæðing í leigu og kaupum sé allt að 2-3 sinnum hærra en annars staðar á höfuðborgarsvæðinu.

Spurður hvert hann teldi leiguverðið vera að meðaltali í miðborginni nú sagði hann það vera um 4.000 kr. á fermetranum en um 1.500-2.000 kr. á svæðum þar utan.

Nýjar eignir rjúka út

„Eftirsipurnin er svo mikil að það þarf ekki að miðla einu eða neinu,“ segir Svanur, en leigumiðlarar sem áður hafi unnið að því að miðla húsnæði frá leigusala til leigjenda ásamt því að aðstoða fólk við gerð leigusamninga hafi nú takmörkuð verkefni þar sem nýjar eignir rjúka út um leið og eigendur þeirra auglýsi þær á samfélagsmiðlum eða annars staðar. Þörf fyrir leigumiðlun hafi því dregist verulega saman með aukinni eftirspurn.